

12. febrúar 2026

Efni: Umsögn um mál nr. S-20/2026 – Drög að frumvarpi til laga um varfærniskröfur til verðbréfafyrirtækja

Vísað er til draga að frumvarpi til laga um varfærniskröfur til verðbréfafyrirtækja og umsagnar Samtaka fyrirtækja í fjármálaþjónustu (SFF).

T Plús tekur heilshugar undir athugasemdir SFF að því er varðar gildistökuákvæði frumvarpsins. Fyrir liggur að ákvæði frumvarpsins og IFR muni hafa veruleg áhrif á starfsemi verðbréfafyrirtækja og leggja ýmsar skyldur á herðar verðbréfafyrirtækja, sem fela í sér nýmæli eða breytingar á núverandi rekstrarumhverfi. Má þar meðal annars nefna eftirfarandi.

Eiginfjárkröfur: Ákvæði IFR gera ráð fyrir að verðbréfafyrirtæki sem ekki teljast lítil og ótengd þurfi að reikna og, eftir atvikum viðhalda, eigin fé á grundvelli sk. K-þátta, sem ætlað er að endurspegla áhættu í starfsemi verðbréfafyrirtækja. Um er að ræða nýmæli og mun krefjast ítarlegrar greiningar af hálfu verðbréfafyrirtækja á Íslandi og þar af leiðandi svigrúms til að framkvæma slíka greiningu.

Samþjöppunaráhætta: Með innleiðingu IFR er komið á sérstöku fyrirkomulagi að því er varðar samþjöppunaráhættu fyrir verðbréfafyrirtæki, sem mun kalla á að verðbréfafyrirtæki, einkum þau sem sinna vörsluþjónustu, mæli og meðhöndli samþjöppunaráhættu.

Upplýsingagjöf: Frumvarpið og IFR mæla fyrir um margsháttar upplýsingagjöf af hálfu verðbréfafyrirtækja til Seðlabanka Íslands. Má hér t.d. nefna nokkuð yfirgripsmikla og reglubundna upplýsingagjöf skv. 54. gr. IFR. Jafnframt gerir frumvarpið og IFR ráð fyrir opinberri upplýsingagjöf, þ.m.t. samhliða ársreikningi, sbr. 46-53. gr. IFR.

Stjórnskipulag og stjórnarhættir: Frumvarpið felur í sér breytingar á þeim kröfum sem gerðar eru til stjórnskipulags og stjórnarháttá verðbréfafyrirtækja, sbr. t.d. 7-8. gr. frumvarpsins.

Í ljósi framangreinds telur félagið ríka ástæðu til að veita verðbréfafyrirtækjum rúmt svigrúm til að aðlögunar að því sem með má réttu telja verulega breytt laga- og rekstrarumhverfi fyrir slík fyrirtæki. Í þessu samhengi er rétt að geta þess að verðbréfafyrirtæki á Íslandi eru afar smá í evrópsku samhengi og í samanburði við innlendar lánastofnanir og búa fæst yfir mannafla eða fjármunum til að bregðast hratt við svo yfirgripsmiklum breytingum á rekstrarumhverfi.

Þá tekur T Plús einnig undir athugasemdir SFF varðandi gullhúðun en af frumvarpsdrögum verður ekki auðveldlega ráðið hvort og að hvaða leiti frumvarpið gengur lengra eða skemur en ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2019/2034 (IFD).

Virðingarfyllst,

f.h. T Plús hf.



Þórleifur Stefán Björnsson